

FUNDARGERÐ

122. fundar skólanefndar Mýrdalshrepps, haldinn á skrifstofu Mýrdalshrepps, þriðjudaginn 24. maí 2005 kl. 17:00.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn skólanefndar ásamt Kristínu Einarsdóttur sem mætir í stað Ragnheiðar Högnadóttur sem boðar forföll. Sveitarstjóri ritaði fundargerð á tölvu. Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnáði.

Gerðir fundarins:

I. Grunnskólinn

Á fundinn eru mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri, Gunnar Halldórsson fulltrúi kennara og Margrét Birgisdóttir fulltrúi foreldra.

1. Skólanámsskrá og skóladagatal.

Skólanámsskrá liggur fyrir en hefur ekki fengið umsögn foreldraráðs. Afgreiðslu frestað. Skóladagatal sem lagt var fram til kynningar á fundi 121 samþykkt.

2. Starfsmannahandbók.

Drög að starfsmannahandbók lögð fram til kynningar.

3. Skólaakstur 2005-2006.

Fyrir liggja niðurstöður könnunar meðal foreldra barna í skólaakstri ásamt minnisblaði sveitarstjóra og skólastjóra. Á minnisblaðinu kemur fram tillaga um að skólaakstur 2005-2006 verði með sama sniði og á yfirstandandi skólaári.

Tillagan verður tekin til afgreiðslu samhliða skólanámsskrá.

4. Starfsmannamál.

Guðrún Pétursdóttir aðstoðarskólastjóri sækir um launalaust leyfi til eins árs í stað námsleyfis sem áður var samþykkt.

Samþykkt.

Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir hefur sótt um stöðu aðstoðarskólastjóra til eins árs.

Samþykkt.

Sigrún Jónsdóttir sækir um kennarastöðu. Fleiri umsóknir liggja ekki fyrir.

5. Önnur mál.

Nýr nemandi bættist í 10. bekk 7. mars. Skólaslitum hefur verið frestað til 8. júní. Kolbrún lýsir yfir ánægu með sparkvöllinn og upplýsir að danskir nemendur frá Vokslev friskole séu í heimsókn.

Kolbrún, Gunnar og Margrét yfirgefa fundinn.

II. Leikskólinn

Á fundinn er mætt Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri.

1. Reglur um sérkennsluþjónustu

Skólanefnd samþykkir fyrirbyggjandi reglur um sérkennsluþjónustu fyrir leikskólann Suður-Vík.

2. Haustþing leikskólakennara.

Skólanefnd samþykkir fyrir sitt leyti að leikskólinn verði lokaður meðan á haustþingi leikskólakennara stendur þann 23. september nk.

3. Önnur mál.

Elstu börn leikskólans fóru í grunnskólann í 4 daga og mæltist það vel fyrir.

Aðalheiður yfirgefur fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:40.

Sigrún Guðmundsdóttir

Þorgerður Einarsdóttir
Formaður

Bergþóra Ástþórsdóttir

Kristín Einarsdóttir

Andrína Erlingsdóttir